# Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

## Ársreikningur samstæðu og móðurfélags 2016

Keilir, miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs ehf.
Grænásbraut 910
235 Reykjanesbær

kt. 500507-0550

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 9 |
| Skýringar | 10 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Megintilgangur félagsins er rekstur skólastofnunar og rannsóknarstarfsemi ýmiskonar.

Hagnaður var af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 23,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 139,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Skuld félagsins við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar er á gjalddaga þann 1. janúar 2018 og vinnur félagið að lausn til að greiða hana. Nánar er sagt frá málinu í skýringu 14.

Hlutafé félagsins er 314 millj. kr. skv. samþykktum en engin breyting varð á því á árinu. Félagið á eigin hluti að nafnverði 23,6 millj. kr. Hlutafé í árslok skiptist á 14 hluthafa, og fækkaði um 1 á árinu en 10 stærstu hluthafar félagsins eru:

| | **Kennitala** | **Nafnverð** | **Hlutdeild** |
|---|---|---|---|
| Háskóli Íslands | 600169-2039 | 80.000 | 27,5% |
| Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum | 640479-0279 | 65.000 | 22,4% |
| Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. | 701006-0970 | 46.482 | 16,0% |
| HS Orka hf. | 680475-0169 | 35.000 | 12,1% |
| Orkuveita Reykjavíkur | 551298-3029 | 35.000 | 12,1% |
| Reykjanesbær | 470207-1160 | 15.000 | 5,2% |
| Kaupfélag Suðurnesja svf. | 680169-1019 | 10.000 | 3,4% |
| Bláa lónið hf. | 490792-2369 | 2.000 | 0,7% |
| Íslenskar orkurannsóknir | 600503-4050 | 1.000 | 0,3% |
| Base ehf. | 700307-1660 | 500 | 0,2% |
| | | 289.982 | 99,9% |
| Aðrir hluthafar | | 400 | 0,1% |
| Samtals hlutafé samkvæmt ársreikningi | | 290.382 | 100,0% |

Samkvæmt 74. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og samþykktum félagsins, er ekki heimilt að greiða arð til hluthafa á árinu 2017 vegna rekstrarársins 2016, en vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 2. maí 2017

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Keilis, miðstöðvar, fræða og atvinnulífs ehf. („félagið") fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu nr. 14 í ársreikningnum þar sem greint er frá þeirri óvissu sem ríkir um fjármögnun félagsins. Stjórnendur eru í viðræðum við lánardrottna um áframhaldandi fjármögnun en óvissa er um niðurstöðu þeirra viðræðna. Takist ekki að tryggja fjármögnun ríkir óvissa um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjanesbær, 2. maí 2017

***KPMG ehf.***

Jón S. Helgason

Auður Þórisdóttir

# Rekstrarreikningur ársins 2016

| | Skýr. | Samstæða 2016 | Samstæða 2015 | Móðurfélag 2016 | Móðurfélag 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur af kennslu og rannsóknum | | 831.287 | 800.999 | 423.566 | 407.090 |
| Þjónustutekjur húsnæðis | | 60.915 | 53.383 | 60.915 | 53.383 |
| Styrkir og aðrar tekjur | | 54.427 | 43.238 | 64.784 | 55.225 |
| | | 946.629 | 897.620 | 549.265 | 515.699 |
| Laun og launatengd gjöld | 2 | 535.765 | 487.037 | 368.307 | 336.286 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 358.919 | 333.387 | 142.770 | 154.522 |
| | | 894.684 | 820.424 | 511.077 | 490.808 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | | 51.945 | 77.196 | 38.187 | 24.891 |
| Afskriftir | 3 | ( 68.347) | ( 52.826) | ( 18.812) | ( 16.490) |
| **(Rekstrartap) -hagnaður fyrir fjármagnsliði** | | ( 16.402) | 24.370 | 19.375 | 8.400 |
| Vaxtatekjur | | 2.639 | 1.283 | 789 | 574 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 20.669) | ( 30.523) | ( 11.124) | ( 22.399) |
| Gengismunur | | 56.711 | 7.209 | ( 892) | ( 97) |
| | | 38.681 | ( 22.031) | ( 11.227) | ( 21.922) |
| **Áhrif dótturfélaga og hlutdeildarfélaga** | 8 | ( 51) | ( 609) | 15.509 | 14.473 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 22.228 | 1.730 | 23.657 | 951 |
| Tekjuskattur | | 1.429 | ( 779) | 0 | 0 |
| **Hagnaður ársins** | 9 | 23.657 | 951 | 23.657 | 951 |

# Efnahagsreikningur 31.12.2016

| | | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Skýr. | 2016 | 2015 | 2016 | 2015 |
| **Eignir** | | | | | |
| Stofnkostnaður | | 3.742 | 5.925 | 1.059 | 2.571 |
| Óefnislegar eignir | 4 | 3.742 | 5.925 | 1.059 | 2.571 |
| Fasteignir | | 401.479 | 400.301 | 396.111 | 394.821 |
| Flugvélar og flugvélaíhlutir | | 335.769 | 256.214 | 0 | 0 |
| Áhöld, tæki og húsgögn | | 103.553 | 85.228 | 45.928 | 37.409 |
| Rekstrarfjármunir | 5-7 | 840.801 | 741.743 | 442.039 | 432.229 |
| Eignarhlutir í dótturfélögum | 8 | 0 | 0 | 95.689 | 80.180 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 90 | 141 | 0 | 0 |
| Áhættufjármunir | | 90 | 141 | 95.689 | 80.180 |
| Fastafjármunir samtals | | 844.633 | 747.809 | 538.787 | 514.980 |
| Birgðir | | 15.542 | 19.734 | 0 | 0 |
| Viðskiptakröfur | | 30.257 | 33.632 | 19.767 | 23.259 |
| Kröfur á tengda aðila | 13 | 19.881 | 21.631 | 8.273 | 6.111 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 19.105 | 18.837 | 3.189 | 1.780 |
| Handbært fé | | 137.597 | 81.612 | 24.785 | 23.050 |
| Veltufjármunir samtals | | 222.382 | 175.445 | 56.015 | 54.200 |
| **Eignir samtals** | | 1.067.015 | 923.254 | 594.802 | 569.180 |

# Efnahagsreikningur 31.12.2016

| | Skýr. | Samstæða 2016 | Samstæða 2015 | Móðurfélag 2016 | Móðurfélag 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Hlutafé | | 290.382 | 290.382 | 290.382 | 290.382 |
| Yfirverðsreikningur | | 89.600 | 89.600 | 89.600 | 89.600 |
| Lögbundinn varasjóður | | 13.333 | 13.333 | 13.333 | 13.333 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur | | 297 | 0 | 297 | 0 |
| Ójafnað eigið fé | | ( 253.847) | ( 277.207) | ( 253.847) | ( 277.207) |
| Eigið fé samtals | 9 | 139.765 | 116.108 | 139.765 | 116.108 |
| **Skuldir** | | | | | |
| Tekjuskattskuldbinding | 10 | 0 | 1.167 | 0 | 0 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 113.350 | 103.355 | 53.422 | 62.968 |
| Eignaleigusamningar | | 17.824 | 37.136 | 0 | 0 |
| Skuldabréfalán | | 2.446 | 4.382 | 946 | 1.382 |
| Skuld við hluthafa | 14 | 289.420 | 284.675 | 289.420 | 284.675 |
| Langtímaskuldir samtals | 11 | 423.040 | 429.547 | 343.788 | 349.024 |
| Viðskiptaskuldir | | 40.199 | 63.075 | 15.593 | 17.022 |
| Skuldir við tengda aðila | 13 | 0 | 0 | 17.799 | 21.643 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 12 | 38.710 | 41.541 | 11.302 | 13.679 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 66.082 | 40.212 | 52.395 | 35.896 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 359.219 | 231.604 | 14.159 | 15.808 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 504.210 | 376.432 | 111.249 | 104.048 |
| Skuldir samtals | | 927.250 | 807.146 | 455.037 | 453.072 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.067.015 | 923.254 | 594.802 | 569.180 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

| | Skýr. | Samstæða 2016 | Samstæða 2015 | Móðurfélag 2016 | Móðurfélag 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Hagnaður skv. rekstrarreikningi | 9 | 23.657 | 951 | 23.657 | 951 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Afskriftir | 3 | 68.347 | 52.826 | 18.812 | 16.490 |
| Gengismunur og verðbætur skulda | | ( 14.204) | 4.592 | 6.137 | 14.825 |
| Tekjuskattur | 10 | ( 1.167) | 517 | 0 | 0 |
| Tap af sölu rekstrarfjármuna | | 660 | 228 | 382 | 0 |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | 8 | 51 | 609 | ( 15.509) | ( 12.432) |
| Veltufé frá rekstri | | 77.344 | 59.723 | 33.479 | 19.835 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | | 4.192 | ( 10.928) | 0 | 0 |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 3.107 | ( 16.698) | 2.083 | ( 7.184) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 2.995 | ( 4.973) | 15.070 | ( 26.388) |
| Fyrirframinnh. tekjur, breyting | | 127.615 | 85.965 | ( 1.649) | ( 596) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | 137.909 | 53.365 | 15.504 | ( 34.168) |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 215.253 | 113.089 | 48.984 | ( 14.333) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 5 | ( 123.790) | ( 59.707) | ( 26.980) | ( 8.557) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | | 1.977 | 460 | 547 | 0 |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | 4 | ( 1.059) | 0 | ( 1.059) | 0 |
| Fjárfesting í áhættufjármunum | | 0 | ( 500) | 0 | 0 |
| Kröfur á tengda aðila, breyting | | 0 | 0 | ( 2.163) | ( 1.341) |
| Fjárfestingahreyfingar | | ( 122.872) | ( 59.747) | ( 29.654) | ( 9.898) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Keypt eigin bréf/kaup á hlutdeild minnihluta | | 0 | ( 500) | 0 | ( 500) |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 75.000 | 0 | 75.000 |
| Afborganir langtímalána | | ( 38.146) | ( 80.424) | ( 13.751) | ( 55.645) |
| Lán til tengdra aðila, breyting | | 1.750 | ( 21.613) | ( 3.844) | 20.048 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 36.396) | ( 27.537) | ( 17.594) | 38.903 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 55.985 | 25.804 | 1.735 | 14.672 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 81.612 | 55.808 | 23.050 | 8.378 |
| **Handbært fé í árslok** | | 137.597 | 81.612 | 24.785 | 23.050 |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa** | | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | ( 43.011) | ( 2.183) | 0 | ( 2.183) |
| Tekin ný langtímalán | | 43.011 | 2.183 | 0 | 2.183 |
| Kröfur á tengda aðila, breyting | | | 0 | 0 | 1.970 |
| Fjárfesting í áhættufjármunum | | | 0 | 0 | ( 1.970) |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### a. *Grundvöllur reikningsskila*

Ársreikningur Keilis miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga og ársreikning móðurfélagsins. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir í þúsundum króna. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra er felldur út í samstæðureikningnum.

### b. *Erlendir gjaldmiðlar*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Rekstrarfjármunir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum sem tilgreindar eru á gangvirði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi sem gilti á viðskiptadegi.

### c. *Innlausn tekna*

Tekjur af þjónustusamningum eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi. Skólagjöld tekjufærast við innritun nemenda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

### d. *Óefnislegar eignir*

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna. Á meðal óefnislegra eigna er annars vegar færður kostnaður vegna undirbúnings náms í flugvirkjun sem hófst á árinu 2013 og hins vegar kostnaður við þróun námsefnis vegna endurmenntunar atvinnubílstjóra á árinu 2016. Fyrirhugað er að gjaldfæra kostnaðinn á fimm árum.

### e. *Rekstrarfjármunir*

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar annars vegar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð og hins vegar í samræmi við flugstundir.

### f. *Dótturfélög*

Eignarhlutir í dótturfélögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Hlutdeild í afkomu dótturfélaga er færð í rekstrarreikning móðurfélagsins.

### g. *Eignarhlutir í félögum*

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna áætlaðrar verðrýrnunar þessara félaga.

### h. *Birgðir*

Birgðir samstæðunnar eru færðar til eignar á kostnaðarverði. Um er að ræða rekstrarvörubirgðir flugvéla og öryggisbúnað nemenda.

### i. *Viðskiptakröfur*

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

### j. *Handbært fé*

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

k. ***Skatteign / tekjuskattskuldbinding***

Skatteign móðurfélagsins og tveggja dótturfélaga er reiknuð en ekki færð í ársreikninginn vegna óvissu um nýtingu hennar í framtíðinni. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins.

l. ***Fyrirframinnheimtar tekjur***

Tekjur sem innheimtar hafa verið á árinu 2016 og tilheyra síðari tímabilum eru færðar til skuldar í ársreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur.

## 2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | **2016** | **2015** | **2016** | **2015** |
| Laun | 333.320 | 296.851 | 262.014 | 250.373 |
| Launatengd gjöld | 62.672 | 58.191 | 48.655 | 48.315 |
| Aðkeypt kennsla | 139.773 | 131.995 | 57.638 | 37.598 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 535.765 | 487.037 | 368.307 | 336.286 |
| | | | | |
| Fjöldi starfsmanna í árslok | 56 | 59 | 40 | 44 |
| Meðalstöðugildi | 48 | 44 | 34 | 35 |

Laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu samtals 17,4 millj. kr. á árinu 2016. Á árinu 2015 námu laun til framkvæmdastjóra og stjórnar samtals 16,9 millj. kr.

## 3. Afskriftir

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | **2016** | **2015** | **2016** | **2015** |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 65.106 | 49.667 | 16.241 | 15.848 |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna | 3.242 | 3.159 | 2.571 | 643 |
| Fært í rekstrarreikning sem afskriftir | 68.347 | 52.826 | 18.812 | 16.490 |

## 4. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og gjaldfærsla þeirra greinist þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Óefnislegar eignir 1.1.2016 | 5.925 | 2.571 |
| Viðbætur á árinu | 1.059 | 1.059 |
| Gjaldfært á árinu | ( 3.242) | ( 2.571) |
| Óefnislegar eignir 31.12.2016 | 3.742 | 1.059 |

## 5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| Samstæða: | Fasteignir | Flugvélar og flugvélaíhlutir | Áhöld, tæki og húsgögn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2016 | 436.645 | 385.904 | 171.012 | 993.561 |
| Viðbætur á árinu | 9.977 | 119.537 | 37.287 | 166.801 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | 0 | ( 3.132) | ( 3.132) |
| Heildarverð 31.12.2016 | 446.622 | 505.441 | 205.167 | 1.157.230 |
| | | | | |
| Afskrifað áður | 36.344 | 129.690 | 85.785 | 251.818 |
| Afskrifað á árinu | 8.799 | 39.982 | 16.324 | 65.106 |
| Afskrift færð út | 0 | 0 | ( 495) | ( 495) |
| Afskrifað samtals 31.12.2016 | 45.143 | 169.672 | 101.614 | 316.429 |
| | | | | |
| Bókfært verð 1.1.2016 | 400.301 | 256.214 | 110.870 | 741.743 |
| Bókfært verð 31.12.2016 | 401.479 | 335.769 | 103.553 | 840.801 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 2,5 - 4% | 8 - 30% | |
| Áætlaður nýtingartími | 50 ár | 40 ár / flugst. | 3 - 13 ár | |

| Móðurfélag: | Fasteignir | Flugvélar og flugvélaíhlutir | Áhöld, tæki og húsgögn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2016 | 431.041 | 0 | 112.726 | 543.767 |
| Viðbætur á árinu | 9.977 | 0 | 17.002 | 26.980 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | 0 | ( 1.202) | ( 1.202) |
| Heildarverð 31.12.2016 | 441.019 | 0 | 128.526 | 569.545 |
| | | | | |
| Afskrifað áður | 36.221 | 0 | 75.317 | 111.538 |
| Afskrifað á árinu | 8.687 | 0 | 7.554 | 16.241 |
| Afskrift færð út | 0 | | ( 273) | ( 273) |
| Afskrifað samtals 31.12.2016 | 44.908 | 0 | 82.598 | 127.506 |
| | | | | |
| Bókfært verð 1.1.2016 | 402.594 | 0 | 39.683 | 432.229 |
| Bókfært verð 31.12.2016 | 396.111 | 0 | 45.928 | 442.039 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2% | | 8 - 20% | |
| Áætlaður nýtingartími | 50 ár | | 5 - 13 ár | |

## 6. Fjármögnunarleiga

Félagið hefur gert fjármögnunarleigusamninga um fimm flugvélar til níu ára og eru þær færðar til eignar hjá félaginu þrátt fyrir að formlegur eignarréttur sé hjá leigusala. Bókfært verð flugvélanna nam 142,2 millj. kr. í árslok 2016 (2015: 138,9 millj. kr.). Eftirstöðvar fjármögnunarleigusamninganna námu 35,7 millj. kr. á sama tíma (2015: 58,2 millj. kr.). Vátryggingarverð vélanna nam 268,7 millj. kr. í árslok 2016 (2015: 241,3 millj. kr.).

## 7. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat fasteignar nam samtals 430,4 millj. kr. í árslok 2016 (2015: 399,6 millj. kr.). Á sama tíma var brunabótamat fasteignar samtals 1.230,8 millj. kr. (2015: 1.180,1 millj. kr.). Vátryggingaverðmæti áhalda, tækja, húsgagna og tölvubúnaðar nemur 654,7 millj. kr. í árslok 2016 (2015: 606,8 millj. kr.).

## 8. Eignarhlutir í dótturfélögum

Dótturfélög, sem öll eru færð í samstæðureikninginn eru eftirtalin:

| | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|
| | Eignarhlutur | Áhrif í rekstur | Bókfært verð |
| Keilir Aviation Academy ehf. | 100% | 15.228 | 93.955 |
| Fasteignafélagið Keilir ehf. | 100% | ( 16) | 335 |
| Orkurannsóknir ehf. | 100% | 297 | 1.398 |
| Eignarhlutir í dótturfélögum 31.12.2016 | | 15.509 | 95.689 |

Þessu til viðbótar á Keilir Aviation Academy ehf. alla hluti í Flugklúbbi HJ ehf., Reykjavíkurflugvelli. Keilir Aviation Academy ehf. á jafnframt 50% eignarhluta í F.L.Y ehf., Grænásbraut 910. Óveruleg starfsemi er hjá þessum tveimur félögum og eru þau því ekki hluti af samstæðureikningi Keilis, miðstöðvar vísinda fræða og atvinnulífs ehf. sbr. 68. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006. Hlutdeild í rekstrartapi þeirra á árinu 2016 er færð í rekstrarreikningi og til lækkunar á eignarhluta í efnahagsreikningi.

## 9. Eigið fé

Hlutafé samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Hlutafé samkvæmt samþykktum | 314.000 |
| Eigin hlutabréf 7,52% | ( 23.618) |
| Hlutafé samkvæmt efnahagsreikningi | 290.382 |

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Annað bundið eigið fé | Ójafnað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2016 | 290.382 | 102.933 | ( 277.207) | 116.108 |
| Hagnaður ársins | | 297 | 23.360 | 23.657 |
| Eigið fé 31.12.2016 | 290.382 | 103.231 | ( 253.847) | 139.765 |

Annað bundið eigið fé sundurliðast þannig:

| | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2016 | 89.600 | 13.333 | 0 | 102.933 |
| Hagnaður ársins | | | 297 | 297 |
| Eigið fé 31.12.2016 | 89.600 | 13.333 | 297 | 103.231 |

Færa skal af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning meðal eiginfjár fjárhæð er svarar til hlutdeildar í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga sem færð var í rekstrarreikning að svo miklu leyti hlutdeildin er umfram móttekinn arð frá þessum félögum eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta. Lagabreytingin leiddi til þess að félagið færði 0,3 millj. kr. á bundinn reikning í árslok 2016. Ekki er færð bundin hlutdeild vegna Keilis Aviation Academy ehf. þar sem óráðstafað eigið fé þess félags er neikvætt.

## 10. Tekjuskattskuldbinding / skatteign

Tekjuskattskuldbinding / skatteign félagsins greinist þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Færð skattskuldbinding í ársbyrjun | 1.167 | 0 |
| Reiknaður tekjuskattur ársins | ( 1.167) | 0 |
| Tekjuskattskuldbinding 31.12.2016 | ( 0) | 0 |

## 10. Tekjuskattskuldbinding / skatteign, frh.

Tekjuskattskuldbinding / skatteign félagsins skiptist þannig á liði efnahagsreiknings:

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrarfjármunir | 3.430 | 6.032 |
| Viðskiptakröfur | 571 | 521 |
| Gengismunur | ( 8.043) | 125 |
| Yfirfæranlegt tap | 57.264 | 35.254 |
| Skatteign niðurfærð vegna óvissu um nýtingu | ( 53.222) | ( 41.932) |
| Tekjuskattskuldbinding 31.12.2016 | 0 | 0 |

| Gjaldfærður tekjuskattur ársins greinist þannig: | **Samstæða** | **Móðurfélag** |
|---|---|---|
| Breyting á skattskuldbindingu | ( 1.167) | 0 |
| Tekjuskattur til greiðslu | ( 262) | 0 |
| | ( 1.429) | 0 |

## 11. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

| | | |
|---|---|---|
| *Skuldir við lánastofnanir:* | | |
| Verðtryggt lán | 64.287 | 64.287 |
| Lán í EUR | 67.999 | 0 |
| Næsta árs afborganir | ( 18.937) | ( 10.865) |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | 113.350 | 53.422 |
| *Eignaleigusamningar:* | | |
| Lán í EUR | 35.661 | 0 |
| Næsta árs afborganir | ( 17.837) | 0 |
| Eignaleigusamningar samtals | 17.824 | 0 |
| *Skuldabréfalán:* | | |
| Óverðtryggt lán | 4.382 | 1.382 |
| Næsta árs afborganir | ( 1.937) | ( 437) |
| Skuldabréfalán samtals | 2.446 | 946 |
| Skuld við Þróunarfélagið, sbr. skýring 14 | 289.420 | 289.420 |
| Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afborganir | 461.750 | 355.090 |
| Næsta árs afborganir, sbr. skýring 12 | ( 38.710) | ( 11.302) |
| Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi | 423.040 | 343.788 |

**12.** Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Árið 2017 | 38.710 | 11.302 |
| Árið 2018 | 328.117 | 300.722 |
| Árið 2019 | 19.373 | 11.302 |
| Árið 2020 | 19.009 | 10.938 |
| Árið 2021 | 18.937 | 10.865 |
| Síðar | 37.603 | 9.960 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 461.750 | 355.090 |

## 13. Tengdir aðilar

### Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félagi eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar. Dótturfélög teljast einnig tengdir aðilar.

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| **Sala á vöru og þjónustu:** | | |
| Hluthafar félagsins | 92.848 | 66.861 |
| Félög í eigu félagsins | 1.704 | 2.027 |
| | 94.552 | 68.889 |
| **Kaup á vöru og þjónustu:** | | |
| Hluthafar félagsins | 3.415 | 7.400 |
| Félög í eigu félagsins | 15 | 0 |
| | 3.430 | 7.400 |
| **Staða:** | | |
| Skammtímakröfur á tengda aðila greinast þannig í árslok: | | |
| Hluthafar félagsins | 1.225 | 6.614 |
| Félög í eigu félagsins | 20.019 | 21.631 |
| | 21.244 | 28.245 |
| Skammtímaskuldir við tengda aðila greinast þannig í árslok: | | |
| Hluthafar félagsins | 0 | 490 |
| | 0 | 490 |

## 14. Önnur mál

Skuld við Þróunarfélagið að fjárhæð 289,4 millj. kr. er tilkomin vegna kaupa félagsins á fasteign. Skuldin er verðtryggð með byggingavísitölu og ber að greiða eigi síðar en 1. janúar 2018 skv. sérstöku samkomulagi. Einnig hefur verið samið um niðurfellingu vaxta frá 1. janúar 2013 og út lánstímann.

Félagið hefur á árinu 2016 unnið að samningum við Þróunarfélagið um uppgjör skuldarinnar, þær viðræður eru enn í gangi. Til að tryggja áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins er nauðsynlegt að félagið finni lausn á árinu 2017 og eru eftirfarandi leiðir til skoðunar:

- Að Keilir fái langtímafyrirgreiðslu hjá lánastofnun og endurfjármagni þannig lánið. Miðað við þróun fasteignamarkaðar á Ásbrú og staðsetningu eignarinnar þá er það mat félagsins að eignin sé tryggt veð.
- Að Þróunarfélagið leysi aftur til sín eignina og leigi síðan húsnæðið til Keilis.
- Að eignin sé seld til þriðja aðila og samhliða gerður leigusamningur til lengri tíma.
- Að sækja húsaleigustyrki til ríkisins en félagið telur að það sé í fullum rétti með að krefjast sambærilegra húsaleigustyrkja frá ríkinu og aðrir einkaskólar á framhaldsskólastigi.

## 15. Ábyrgðir

Móðurfélagið er í ábyrgð fyrir skuldbindingum dótturfélagsins Keilir Aviation Academy ehf. vegna flugvélakaupa samtals að eftirstöðvum 35,7 millj. kr. í árslok 2016.

## 16. Kennitölur

Helstu kennitölur greinast þannig:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2016 | 2015 | 2016 | 2015 |
| Veltufjárhlutfall | 0,44 | 0,47 | 0,50 | 0,52 |
| Eiginfjárhlutfall | 0,13 | 0,13 | 0,23 | 0,20 |
| Innra virði hlutafjár | 0,48 | 0,40 | 0,48 | 0,40 |

# Sundurliðanir

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2016 | 2015 | 2016 | 2015 |
| **Tekjur af kennslu og rannsóknum** | | | | |
| Skóla- og námskeiðsgjöld | 403.048 | 353.031 | 152.205 | 161.769 |
| Ríkisstyrkir | 278.866 | 256.860 | 271.361 | 245.321 |
| Seldir flugtímar | 149.374 | 191.109 | 0 | 0 |
| | 831.287 | 800.999 | 423.566 | 407.090 |
| **Þjónustutekjur húsnæðis:** | | | | |
| Umsýslugjald húsnæðis | 43.172 | 31.322 | 43.172 | 31.322 |
| Umsýslugjald leigjenda | ( 1.984) | 1.984 | ( 1.984) | 1.984 |
| Hiti og rafmagn | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hússjóður v/þrifa | 16.070 | 15.897 | 16.070 | 15.897 |
| Lyklagjöld, íbúakort, vottorð o.fl. | 630 | 876 | 630 | 876 |
| Viskubrunnur | 1.717 | 2.283 | 1.717 | 2.283 |
| Tekjur af húsnæði | 1.311 | 1.021 | 1.311 | 1.021 |
| | 60.915 | 53.383 | 60.915 | 53.383 |
| **Aðrar tekjur:** | | | | |
| Styrkir | 25.211 | 12.187 | 18.738 | 12.187 |
| Kaffisala og önnur sala | 2.733 | 9.441 | 1.902 | 2.674 |
| Húsaleiga og stoðþjónusta | 0 | 0 | 36.828 | 33.350 |
| Aðrar tekjur | 7.316 | 7.014 | 7.316 | 7.014 |
| Annað | 19.168 | 14.596 | 0 | 0 |
| | 54.427 | 43.238 | 64.784 | 55.225 |
| **Laun og launatengd gjöld:** | | | | |
| Laun | 315.926 | 284.503 | 250.805 | 244.661 |
| Stjórnarlaun | 4.388 | 4.290 | 4.388 | 4.290 |
| Bifreiðastyrkur | 13.011 | 13.959 | 6.822 | 7.323 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 32.289 | 28.974 | 24.930 | 23.851 |
| Sjúkra- og orlofssjóður | 5.099 | 4.405 | 3.696 | 3.517 |
| Tryggingagjald | 25.280 | 24.813 | 20.029 | 20.948 |
| Verktakar - stundakennarar | 139.773 | 131.995 | 57.638 | 37.598 |
| Leiðrétting launa | 0 | ( 5.901) | 0 | ( 5.901) |
| | 535.765 | 487.037 | 368.307 | 336.286 |

# Sundurliðanir, frh.:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2016 | 2015 | 2016 | 2015 |
| **Annar rekstrarkostnaður:** | | | | |
| Húsaleiga | 25.479 | 19.252 | 863 | 1.444 |
| Fasteignagjöld og lóðarleiga | 2.282 | 2.130 | 2.282 | 2.130 |
| Viðhald fasteigna | 12.456 | 10.933 | 3.636 | 2.980 |
| Annar rekstur fasteigna | 13.304 | 16.958 | 13.064 | 11.679 |
| Rekstur bifreiða | 8.551 | 5.461 | 2.650 | 1.506 |
| Annar starfsmannakostnaður | 4.171 | 6.779 | 3.233 | 5.142 |
| Pappír, ritföng, prentun og tímarit | 4.122 | 3.584 | 3.022 | 2.747 |
| Sími og netkostnaður | 3.240 | 3.692 | 2.259 | 2.948 |
| Auglýsinga- og markaðskostnaður | 49.385 | 28.905 | 17.866 | 18.449 |
| Þrif, hreinlætisvörur og sorphirðun | 24.553 | 19.549 | 23.566 | 18.815 |
| Gjaldfærð áhöld og tölvubúnaður | 17.320 | 8.137 | 6.201 | 2.172 |
| Rekstur tölvu- og upplýsingakerfis | 22.409 | 21.505 | 20.038 | 21.010 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 25.821 | 27.508 | 8.314 | 23.083 |
| Endurskoðun og lögfræðiþjónusta | 8.746 | 11.527 | 6.408 | 9.919 |
| Annar kostnaður við námsbrautir | 27.867 | 39.215 | 6.651 | 3.413 |
| Kostnaður við samgöngur | 8.668 | 16.410 | 7.978 | 13.826 |
| Rekstrarkostnaður flugvéla | 75.898 | 74.189 | 0 | 0 |
| Aðkeyptur akstur og flutningsk. | 183 | 25 | 183 | 48 |
| Ferðakostnaður og fundakostnaður | 14.582 | 12.916 | 10.008 | 10.144 |
| Gjafir og framlög | 1.837 | 1.811 | 1.166 | 1.340 |
| Tapaðar og niðurfærðar kröfur | 4.586 | ( 23) | 1.585 | 0 |
| Þjónustugjöld og bankakostnaður | 546 | 1.395 | 546 | 799 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.913 | 1.531 | 1.252 | 928 |
| | 358.919 | 333.387 | 142.770 | 154.522 |